

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Langholtsvegur 115.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 7. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi Langholtsvegur og Drekaoggar vegna lóðarinnar nr. 115 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera svalalokun yfir svalir á 1. hæð hússins ásamt því að nýtingarhlutfall er leiðrétt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háskólinn í Reykjavík – Nauthólsvegur 81.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 8. september 2021, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðar nr. 81 við Nauthólsveg (reits F). Í breytingunni felst breyting á byggingarreit 1. hæðar. Reiturinn er stækkaður til að skapa svigrúm fyrir útfærslu en byggingarmagn er óbreytt. Þá er skerpt á landnotkunarskilgreiningu lóðarinnar og henni breytt úr „Grunnskóli“ í „Grunnskóli/Leikskóli“. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grandavegur 47.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 25. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi Grandavegar, Lýsis og SÍS vegna lóðarinnar nr. 47 við Grandaveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum á jarðhæð um tvær og fella út starfsemi fyrir verslun, sjúkraþjálfun og sólbaðstofu í rýmum 00-05 og 00-06. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. september 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. október 2021